

Fulltrúar fjölda kvennasamtaka skora á þingmenn

- Þingmenn á septemberþingi hvattir til að ljúka þingmáli um að taka á grófu ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan EES -

Mikill fjöldi fulltrúa íslensku kvannahreyfingarinnar, auk félagasamtaka og stofnana sem sinna málefnum nýrra Íslendinga og mannréttindamálum, sendu í dag bréf til allra þingmanna. Þingmennirnir eru hvattir til að ljúka þingmáli um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í bréfinu er þeim þakkað hversu mikinn stuðning tillagan hefur þegar fengið en mikill meirihluti þingmanna eru flutningsmenn málsins.

Kveikjan að þingsályktunartillögunni er skýrsla Kvennaathvarfsins frá síðastliðnu hausti, sem sýnir að konur frá löndum utan EES eru í mun verri aðstöðu en aðrar kynsystur þeirra gagnvart ofbeldi maka. Þekking þeirra á réttindum sínum er lítil og margar sjá ekki aðra kosti en búa við gróft ofbeldi árum saman af ótta við að verða sendar úr landi og þannig t.d. aðskildar frá börnum sínum. Dæmi eru um að fleiri en ein kona hafi komið í Kvennaathvarfið vegna sama manns.

Íslenska ríkið ber lagalega skyldu til að tryggja rétt kvenna gagnvart heimilisofbeldi. Þá má nefna að nefnd Evrópuráðsins gegn kynþáttafordómum hefur í skýrslum gert athugasemdir við einmitt það sem tillagan fjallar um.

Nánari upplýsingar veita:

Sabine Leskopf, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna, s. 772-4192

Anna Pála Sverrisdóttir, fyrsti flutningsmaður þingmálsins, s. 690-1108

Eftirfarandi stofnanir og samtök skrifa undir hvatninguna:

Samtök um kvennaathvarf, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Jafnréttishús, Landneminn, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Stígamót, Skottarnar – samstarfsvettvangur íslensku kvannahreyfingarinnar, KRFÍ, UNIFEM, Soroptimistasamband Íslands, Kvennaráðgjöfin, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Feministafélag Háskóla Íslands, Feministafélag Íslands, Thailensk-íslenska félagið, Filippínsk-íslenska félagið og Kvenfélagasamband Íslands.

Bréfið til þingmanna í heild sinni:

Háttvirtur þingmaður.

Síðasta vetur sýndi þingheimur samstöðu í verki um óendanlega mikilvægt verkefni stjórnmalanna: Að tryggja vernd kvenna gegn heimilisofbeldi. Yfirgnæfandi þverpólitísk samstaða náðist þegar lögð var fram þingsályktunartillaga „[U]m skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.“*

Undirritaðir fulltrúar fagna þeim víðtæka stuðningi sem tillagan nýtur á Alþingi. Hér með skorum við á þingmenn að láta kné fylgja kviði og samþykkja tillöguna meðan þingið starfar í september. Við vekjum athygli á að Alþingi þarf ekki að taka afstöðu til neinna efnislegra atriða, heldur einungis samþykkja einfalda tillögu um að koma starfshópnum til verka.

Skýrsla Kvennaathvarfsins frá síðastliðnum vetri sýnir að þær konur sem tillagan er skrifuð fyrir, búa við gríðarlegt ofbeldi af hálfu maka sem nýta sér þekkingarleysi þeirra á íslensku samfélagi og réttindum sínum auk viðkvæmrar stöðu gagnvart landvist á Íslandi.

Það er von okkar sem skrifum undir að starfshópurinn verði tekinn til starfa á Kvennafrídeginum 2010, sem helgaður er kynbundnu ofbeldi. Það er ekki eftir neinu að bíða.

Með bestu óskum um gott gengi í september.

** 329. mál, 138. löggj.þing. Flm. Anna Pála Sverrisdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Illugi Gunnarsson, Ásmundur Einar Daðason, Margrét Tryggvadóttir, Þráinn Bertelsson o.fl.*